

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

Starfsáætlun skólaárið 2021-2022



Sólveig Morávek
Stjórnandi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts
solveig.moravek.johannsdottir@rvkskolar.is

inngangur	2
Áætlað umfang starfsins næstkomandi skólaár	2
<i>Nemendafjöldi</i>	2
<i>Dreifing milli hverfa árbæjar og Breiðholts</i>	3
<i>Dreifing nemenda eftir Hljóðfærum</i>	4
<i>Kynjahlutfall</i>	4
<i>Kennarar og stjórnendur</i>	5
aðstaða – til kennslu og hljómsveitaræfinga	5
<i>Aukinn Kostnaður vegna óviðunandi aðstöðu</i>	6
<i>Mótun húsnæðisstefnu</i>	6
Kennsluhættir	6
<i>Mengjakennsla – Nýbreytni haustið 2020</i>	7
<i>Breyting á slagverkskennslu – Nýbreytni haustið 2020</i>	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
<i>Aukning í Fellaskóla – Nýbreytni haustið 2020</i>	7
<i>tónfræði</i>	8
<i>foreldrasamstarf</i>	8
<i>foreldraviðtöl</i>	9
helstu viðburðir	9
<i>Áætlaðir viðburðir 2020-2021</i>	9
<i>Æfingabúðir</i>	9
<i>tónleikahald og spilamennskur</i>	11
<i>Utanlandsferðir</i>	11
<i>biðlisti</i>	12
<i>skóladagatal</i>	12
<i>Samstarf eða þróunarverkefni</i>	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
<i>Áherslur í starfsáætlun sfs sem skólahljómsveitin vinnur að</i>	12
<i>mat á námsrángri</i>	13
<i>endurmenntun</i>	13
Lokaorð	13
<i>Skóladagatal 2020-2021</i>	15


INNGANGUR

Skrifstofa Skóla- og frístundaráðs óskar eftir starfsáætlunum skólahljósveita í Reykjavík fyrir skólaárið 2021-2022. Tilgangur starfsáætlunar er að gera þróun starfsins markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf skólahljósveitarinnar hefur gengið á skólaárinu og hvernig verði unnið að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

ÁÆTLAÐ UMFANG STARFSINS NÆSTKOMANDI SKÓLAÁR

NEMENDAFJÖLDI

Heildarfjöldi nemenda hjá Skólahljósveit Árbæjar og Breiðholts eru 134 frá janúar 2022. Þeir koma úr 9 skólum í Árbæ og Breiðholti auk tveggja skóla utan hverfanna en þaðan koma nemendur sem hafa ýmist búið í Árbæ eða Breiðholti en hafa síðan flutt eða nemendur sem búa í öðrum hverfum en kjósa að stunda nám í þessari hljósveit. Einnig stunda tveir nemendur sem komnir eru í framhaldsskóla hálf tákna hjá okkur og þrír nemendur eru að klára tónfræðanám hjá okkur. Við þessa tölu bætast svo 5 einstaklingar sem eru einungis að mæta á hljósveitaræfingar, þeir eru ýmist komnir í menntaskóla og hættir námi en vilja spila áfram með hljósveitinni eða í öðrum tónlistarskóla og stunda hljósveitatíma hjá okkur. Nemendur dreifast niður á skóla eins og myndin sýnir:



DREIFING MILLI HVERFA ÁRBÆJAR OG BREIÐHOLTS

Hér eftir tek ég heildafjölda nemanda inn í tölfræðina (þ.e.a.s. þeir sem eru eingöngu í hljómsveitinni eru taldir með)


Nemendur dreifast niður á hverfi á eftirfarandi hátt.

Póstnúmer 109, neðra Breiðholt og Seljahverfi: 68 nemendur

Póstnúmer 110, Árbær og Norðlingaholt: 45 nemendur


Póstnúmer 111, efra Breiðholt: 23 nemendur

Önnur hverfi: 3 nemendur




DREIFING NEMENDA EFTIR HLJÓÐFÆRUM

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts kennir á öll tré- og málmblásturshljóðfæri, slagverk og rafbassa. Hljóðfærin dreifast einsog myndin sýnir:



KYNJAHLUTFALL

Janúar 2022 stunda 60 drengir og 79 stúlkur nám við hljómsveitina.



Kennarar í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts eru fjórtán auk stjórnanda. Stjórnandi er með aðstöðu í Breiðholtsskóla en allar samæfingar hljómsveitanna fara fram í hátíðarsal Breiðholtsskóla. Kennt er í 9 skólum í hverfum Árbæjar, Breiðholts og Norðlingaholti.

Aðalstjórnandi stjórnar B-, og C-sveitinni en aðstoðarstjórnandi stjórnar A-sveitinni. Þeir sjá um allt sem kemur að stjórnun hljómsveitanna svo sem verkefnaval, skipulag æfingabúða og æfingadaga, tilfallandi spilamennskur og annað.

AÐSTAÐA – TIL KENNSLU OG HLJÓMSVEITARÆFINGA

Aðstaðan í skólunum er mjög misjöfn, sumstaðar til fyrirmyndar en á öðrum stöðum óásættanleg og væri óskandi ef það yrði ráðin bót á þeim málum í allra nánustu framtíð. Þegar starfsemi skólahljómsveita hófst í Reykjavík fyrir rökri hálfri öld var gert ráð fyrir að þeim nýttist almennt húsnæði skólanna fyrir starf sitt. Ekkert skólahúsnæði í Reykjavík er þó hannað með þetta fyrir augum. Hljóðvist á hljómsveitaræfingum er oftast óviðunandi bæði fyrir stjórnendur og börnin sem við vinnum með. Mælingar sýna að hljóðstyrkur á æfingum fer langt yfir ráðleg mörk.

Nú er verið að skoða hvort hægt sé að gera viðunnandi aðstöðu í Fellaskóla og hljómsveitin flytji þangað inn með skrifstofurými, tónfræðitíma, hljómsveitaræfingar auk kennslustofa.

Nú hefur komið í gegn að Árbæjarskóli ætlar að fá útihús fyrir frístundastarf og þar fáum við aðstöðu til að kenna. Hingað til höfum við verið að kenna í íþróttahúsinu við Árbæjarskóla í aðstöðu sem er lítil og hljóðvistin slæm og því ekki boðlegt fyrir fólk að kenna á hljóðfæri þar inni.

AUKINN KOSTNAÐUR VEGNA ÓVIÐUNANDI AÐSTÖÐU

Þegar skólahljómsveit er ekki með standandi aðstöðu fer mikill tími í að undirbúa hverja æfingu og ganga frá eftir hverja æfingu. Það þarf að kaupa utanaðkomandi aðstoð til þess að stilla öllu upp og ganga frá. Þegar 45 börn mæta á æfingu þarf að vera búið að setja upp jafnmörg nótnastatíf og stóla. Auk þess þarf að undirbúa slagverk fyrir 7 slagverksleikara. Við höfum verið að nýta okkur kennara til að aðstoða okkur á æfingum og hjálpa til við uppstillingu.

Endurnýjun á búnaði er óeðlilega mikil hjá okkur þar sem búnaður – nótnastatíf og slagverk, fer illa við það að vera á stöðugum þeytingi í stað þess að fá að standa.

Viðvera stjórnanda er óeðlilega mikil þar sem hann kemur fyrstur og fer síðastur út úr húsi. Hann getur aldrei farið fyrir en búið er að ganga frá öllu. Þetta skapar aukakostnað þar sem stjórnandi ætti að fá greidda eftirvinnu fyrir þessa viðveru.

Mikil þreyta er komin í stjórnendur á því að setja upp og pakka niður aðstöðu en þegar fyrirrennari minn var ráðinn í starfið 2013 var talað um að þetta væri bráðabyrgðar aðstaða. Þá var fyrirhugað að byggja við skólann og úthluta skólahljómsveitinni betra og hentugra rými. Ekkert hefur orðið af því.

MÓTUN HÚSNÆÐISSTEFNU

Ég kalla eftir því að mótun húsnæðisstefnu skólahljómsveita fari í gang á þessu ári. Aðstaða skólahljómsveita í Reykjavík er afar misjöfn. Vel hefur þótt takast til í Grafarvogi og oft horfa aðrir stjórnendur þangað.

KENNSLUHÆTTIR

Í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts fá nemendur 50 mínútur í einkakennslu á viku meðan þeir eru í A-sveit, en nemendur í B- og C-sveit fá 60 mínútur. Nemendur eru venjulega í A-sveit fyrstu tvö árin. Í einkakennslu er kennt skv. námskrá tónlistarskóla og taka nemendur ýmist árspróf á vorin eða áfangapróf á vegum prófanefndar tónlistarskólanna. Nemendur taka venjulega grunnpróf á vegum prófanefndar í lok 7. bekkjar og færast upp í C-sveit þegar þeir hefja nám í 8. bekk.

Kennsluhættir á hljómsveitaæfingum eru bæði hefðbundnir og óhefðbundnir. Nemendur spila eftir nótum en einnig er unnið með söng og klapp. Í æfingabúðum er markmiðið að vinna einnig á skapandi hátt auk hópeflis þar sem tíminn í æfingabúðum leyfir meira svigrúm.

MENGJAKENNSLA

Haustið 2021 var haldið áfram að kenna nemendum í svokölluðum „mengjum“. Þetta hefur gengið vel, en kennarar hafa fundið fyrir því að þetta gengur best hjá nemendum sem eru að byrja. Einn kennari hjá okkur fór því að minnka niður hópkennsluna hjá þeim sem eru á öðru ári úr 4x í viku í 3x í viku og svo eftir áramót eru þau í hefðbundinni kennslu. Þetta hefur gengið vel með að fá krakkana til að æfa sig í að spila heima hjá sér.

Kennari fær til sín 3-5 nemendur sem allir eru í sama skóla og helst í sama árgangi. Þeir byrja allir á sama tíma og eru að læra á sama hljóðfærið. Kennarinn hefur 50 mínútur til umráða fyrir hvern nemanda en í staðinn fyrir að kenna nemandanum tvisvar sinnum í viku í einkatímum eins og hefð er fyrir, kennir hann nemendunum fjórum sinnum í viku. Ef kennari er með 5 nemendur í mengi hefur hann 5 x 50 eða 250 mínútur á viku til umráða fyrir mengið. Nemendur hitta kennarann einu sinni í einkatíma í 20 mínútur og síðan í hóptímum með sínu mengi þrjá aðra daga vikunnar. Nemendur taka hljóðfærin ekki með sér heim heldur eru þau geymd í skólanum þar sem þau ertu merkt hverjum nemanda. Kostir mengjakennslunnar eru:

1. Nemandi þarf ekki að æfa sig heima sem tekur ákveðið álag af heimilinu.
2. Nemandinn spilar a.m.k fjórum sinnum í viku undir eftirliti einkakennara síns.
3. Hljóðfærin fara ekki heim með börnunum sem gerir það að verkum að bilanatíðni minnkar til muna. Hljóðfærin lenda oftast í slysi heima fyrir eða á leið í eða úr skóla.
4. Nemandi er ekki að æfa sig „vitlaust“ heima. Oft tekur langan tíma að leiðrétta ranga munnsetningu eða líkamsbeytingu sem nemandi er búinn að venja sig á heima eftirlitslaus.
5. Nemandi losnar við samviskubit yfir því að vera ekki búinn að æfa sig.
6. Kennarinn er léttari í lundu þar sem námið gengur ekki lengur út á það hvort nemandi hafi náð að æfa sig heima eður ei.

AUKNING Í EFRABREIÐHOLTÍ

Eftir að við byrjuðum átak okkar í Fellaskóla hefur nú nemendafjöldi þar orðið 23 nemendur sem er frábær aukning og vil ég hrósa Fellaskóla fyrir vel unnin störf. Ef við fáum aðstöðu í Fellaskóla fyrir hljómsveitina sé ég fyrir mér aukningu nemenda frá Hólabrekkuskóla líka, en þar eru einungs 2 nemendur. Mér þykir æskilegt að skólahljómsveitin væri með 15-20 nemendur úr hverjum skóla.

TÓNFRÆÐI

SÁB hóf kennslu í tónfræði haustið 2016. Tónfræðin er að taka á sig reglulega góða mynd. Hugmyndin er að nemendur hafi lokið grunnnámi í tónfræði áður en þeir koma í C-sveit. Frá hausti 2020 eru fjórir áfangar kenndir í tónfræði, grunnnám 1, grunnnám 2, miðnám 1 og miðnám 2. Nemendur úr 6. bekk eru venjulega í grunnnámi 1 og nemendur úr 7. bekk í grunnnámi 2. Þetta gerir það að verkum að allir nemendur geti tekið fullgilt grunnpróf á hljóðfærið sitt skv. námskrá tónlistarskólanna. Haustið 2019 tókum við þá ákvörðun að bæta við þriðja áfanganum, miðnámi 1, til þess að gefa nemendum færi á að klára alla tónfræði hjá okkur. Nú í haust bættist fjórði áfanginn við, miðnámi 2. Þessi ákvörðun var tekin eftir að boð bárust frá MÍT (menntaskóla í tónlist) þess efnis að nemendur sem kæmu frá skólahljómsveitum stæðu ekki nægilega vel að velli í tónfræðigreinum. Umfang tónfræðikennslunnar er orðinn það mikill að tveir kennarar deila kennslunni með sér.

FORELDRASAMSTARF

Í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts er mjög öflugt foreldrafélag sem er ómissandi og mjög veigamikill þáttur í starfinu. Hlutverk foreldrafélagsins er m.a. að hjálpa til við að fjármagna félagslega hluta starfsins og tónleikaferðir innanlands sem utan. Það gera þau með kaffisölu á haust- og vortónleikum, bingóum og með því að halda utan um sölu sem hver og einn nemandi getur verið með og safnað þannig pening.

FORELDRAVIÐTÖL

Öflugt samstarf við foreldra er gríðarlega mikilvægt í tónlistarkennslu. Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á önn. Á haustönninni hafa verið haldin einkaviðtöl þar sem foreldrar eru boðaðir í viðtöl við hljóðfærakennarann með sínu barni. Á vorönninni er haldin foreldravika þar sem foreldrar eru hvattir til þess að koma í heimsókn í tíma með barni sínu. Foreldrar eru ávallt velkomnir á æfingar og í einkatíma. Tónlistarnám er sjálfsnám og því mikilvægt að nemendur æfi sig heima á hljóðfærið. Þegar kemur að heimaæfingum er hvatning foreldra afar mikilvæg.

HELSTU VIÐBURÐIR

ÁÆTLAÐIR VIÐBURÐIR VORÖNN 2022

Haustönn 2021 var heldur góð, við náðum að halda æfingabúðir, tónfundi og hausttónleika í Hörpu(FLÓA) , sem var einstaklega skemmtilegt.

Á vorönninni ætlum við að hafa æfingabúðir fyrir allar sveitir. Vortónleikar okkar eru áætlaðir 26. mars og erum við að vinna í því að finna sal sem er laus á þessum tíma. Fyrstu helgina í Apríl er áætlað landsmót C-sveita og er stefnan tekin þangað. Áætlaðir eru 3 tónfundir á vorönninni en þeir gætu þurft að vera fleiri.


vikuna 4-8 apríl er prófavika. Þar munu allir nemendur skólans þreyta sín próf, hvort sem þau eru innanskólapróf eða áfangapróf.

Í maí munum við hefja þemakennsluna okkar. Þar munum við hafa hópakennslu, kennarar para sig saman og kenna samspil fyrir alla nemendur og svo munu vera samspilstónleika í lok maí.

Uppskeruhátíð skólahljómsveita Reykjavíkurborgar er áætlað að sé 28. maí í Húsdýragarðinum. Þetta hefur verið undanfarin ár hjá okkur og tekis svo vel til að krakkarnir bíða eftir þessum degi.

ÆFINGABÚÐIR

Allar sveitir A-, B- og C-sveit fara í æfingabúðir einu sinni á vetri. Oftast er farið í æfingabúðir í janúar-mars til þess að æfa fyrir vortónleika sem venjulega eru haldnir í mars. Æfingabúðir eru venjulega mikið tilhlökkunarefni hjá nemendum hljómsveitarinnar. Þá er farið út á land og gist í eina til tvær nætur oft í heimavistaskólum úti á landi. Við höfum notast við aðstöður í Þykkvabæ, Laugalandi í Holtum, Hlíðardalasskóla, grunnskólanum í Þorlákshöfn, grunnskólum í Reykjavík og Varmalandi í Borgarfirði.



TÓNLEIKAHALD OG SPILAMENNSKUR

Tónleikahald og sýnileiki Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts er mjög mikill. Í lok hverrar annar eru haldnir stórir tónleikar þar sem allar hljómsveitir koma fram. Venjan hefur verið að reyna halda aðra tónleikana í Breiðholtinu og hina í Árbænum. Tónleikar hafa verið haldnir í Fella- og Hólakirkju, Seljakirkju, Árbæjarkirkju og Breiðholtskirkju. Nú erum við að skoða möguleikana á að vera sem oftast í Hörpu með tónleika, þetta er tónlistarhús Íslendinga og auðvitað ættu ungir og uppnennandi tónlistarmenn að fá tækifæri til að spila þar.

Auk vor- og hausttónleika koma hljómsveitirnar oft fram við hin ýmsu tækifæri. Það má nefna að hljómsveitin hefur verið fastagestur á jólahátíð fatlaðra sem haldin er ár hvert á Hilton hóteli í desember. Hljómsveitin hefur frá upphafi tekið þátt í „Óskalögum þjóðarinnar“ sem haldin er að hausti ár hvert í Hörpu á vegum SÍSL. Auk þess hefur hljómsveitin spilað um jól í Mjóddinni, þegar jólatréið í Árbænum er tendrað, á jólaföndri í Breiðholtsskóla, á vorhátíðum skólanna í hverfinu, á leikskólahátíðum, messum í Árbæjarkirkju og svo má lengi telja. Hljómsveitin sendir venjulega atriði á Nótuna sem haldin er að vori og er uppskeruhátíð tónlistarskóla á öllu landinu. Að auki spila allir nemendur á tónfundi a.m.k einu sinni á önn. Þar spila nemendur einir á sitt hljóðfæri oftast við undirleik kennara síns.



UTANLANDSFERÐIR

Elsta sveit SÁB reynir að fara í heimsókn út fyrir landsteinana annað hvert ár. Sumarið 2016 tóku þau þátt í tónlistarhátíð í Callella á Spáni. Í júní 2018 var ferðinni heitið á tónlistarhátíð í Gautaborg. Í júní 2020 var fyrirhugað að fara aftur til Calella og taka þátt í tónlistarhátíð sem haldin er þar ár hvert. Fresta þurfti ferðinni vegna Covid faraldurs. Við höfum því miður ekki náð að fara þangað enn, en við vonumst til að ná að fara sumarið 2023. Börnin safna sér venjulega fyrir ferðinni með sölu á ýmsum varningi sem

foreldrafélagið skipuleggur. Auk þess nýta þau ágóða úr spilamennskum til þess að styrkja slíkar ferðir.

BIÐLISTI

Það eru um 18 börn á biðlista eftir plássi hjá Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts. Sá listi samanstendur af börnum úr öllum skólum hverfisins. Óskandi væri að öll börn sem vildu læra í SÁB kæmust að. Námið er aðgengilegt, ódýrt og mjög félagslega uppbyggjandi þar sem félagsfærniþátturinn í starfi skólahljómsveita er mjög mikill. Biðlistinn er óvenjustuttur í ár en Covid hefur sett svip sinn á fjölda umsókna. Hljómsveitin er von því að fara í hljóðfærakynningar í alla skóla í Árbæ og Breiðholti á vorönninni sem ekkert varð úr í ár sökum Covid.

SKÓLADAGATAL

SÁB starfar í 35 vikur á ári. Starfið hefst í lok ágúst og lýkur í lok maí. Starfsdagar eru 8 á skólaárinu. Þrír áður en kennsla hefst og fimm eftir kennslu. Sjá skóladagatal 2021-2022 aftast í þessari skýrslu.

ÁHERSLUR Í STARFSÁÆTLUN SFS SEM SKÓLAHLJÓMSVEITIN VINNUR AÐ

Áhersla verður áfram á að tilboð skólahljómsveitarinnar standi öllum til boða. Lögð er áhersla á að kynna tilboðið vel með skólaheimsóknum. Allir eru velkomnir og allir geta verið í náminu á sínum forsendum. Hlutverk skólahljómsveitarinnar er að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tónlistarmenntun í samvinnu við grunnskóla og frístundastarf, fjölskyldur og nærsamfélag.

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts leggur sig fram við að vera framsækin, sýnileg, lifandi og nýjungagjörn stofnun sem laðar að sér mjög hæfa starfsmenn og nýja nemendur.

MAT Á NÁMSÁRANGRI

Allir nemendur þreyta próf á vorin. Venjan er að nemendur taki svokölluð árspróf sem eru próf innan skólans skv. námskrá sem gerð er af kennurum og stjórnanda SÁB. Nú eru skólahljómsveitir Reykjavíkurborgar að vinna í að samræma innri námsmarkmið skólahljómsveita sem verður unnið eftir. Eftir nám í 3-4 ár tekur nemandi grunnpróf skv. námskrá tónlistarskólanna. Þá kemur dómari frá prófanefnd tónlistarskólanna og dæmir prófin. Það lítur út fyrir að hátt í 10 slík próf verði þreytt nú í vetur. Nemendur skólahljómsveitarinnar hafa komið mjög vel út á áfangaprófum.

ENDURMENNTUN

Stefna skólahljómsveitarinnar er að stuðla að stöðugri endurmenntun starfsmanna sinna. Á starfsdögum að hausti er haldinn sameiginlegur starfsdagur kennara skólahljómsveita Reykjavíkurborgar sem stjórnendur hljómveitanna skipuleggja. Þar er venjan að bjóða upp á námskeið í tölvunotkun, spuna, kennslu barna með sérþarfir, skyndihjálpar og annað gagnlegt. Kennarar hafa farið reglulega erlendis í endurmenntunarferðir og sjá aðstöðu tónlistarkennslu í öðrum löndum. Vegna Covid höfum við ekkert náð að skipuleggja svona ferð en vonandi verður eitthvað gert á næstu misserum.

LOKAORÐ

Það er heiður að starfa sem stjórnandi skólahljómsveitar í Reykjavík. Starfið hefur þróast á mjög jákvæðan hátt undanfarin ár. Kvóti hefur aukist jafnt á undanförunum árum og er nú 130 klst. á viku. Aðstaða í húsnæði borgarinnar hefur lagast en á þó langt í land til þess að verða fullnægjandi. Skólahljómsveitir Reykjavíkurborgar hafa verið starfandi í rúma hálfa öld án þess að nokkur tíma hafi verið gert ráð fyrir þeim. Ég tel löngu vera kominn tími á að reisa þar til gert húsnæði í hverfum borgarinnar utanum skólahljómsveitir.

Hljómsveitirnar fjórar vinna mikið saman og stjórnendurnir fjórir sækja reglulega aðstoð til hvers annars. Þeir deila nótum og lána hljóðfæri sín á milli ef þörf er á. Kennarar hljómsveitanna hittast reglulega á starfsdögum og jólahlaðborðum. Þeir eru búnir að stofna hóp þar sem farið er í heitu pottana, út og að borða og fleira skemmtilegt sem þjappar hópnum saman.

Það er einstakt að geta haldið uppi svo öfluglu lúðrasveitastarfi í ekki stærri borg en Reykjavík. Það eru ca. 520 börn að læra að spila á blásturshljóðfæri hjá Reykjavíkurborg sem öll spila í sinni lúðrasveit. Það þarf ekki að fara langt út fyrir landsteinana til þess að sjá hnignun á sambærilegu starfi í nágrennalöndum okkar. Þetta gerist hinsvegar ekki að

sjálfu sér. Stjórnendur og kennarar sem starfa hjá skólahljómsveitum eru eldhugar sem lifa fyrir sitt starf. Það þarf að passa að hlúa áfram að starfinu svo það haldi áfram að dafna. Sú hugmynd að nemendur komi saman úr mörgum skólum og spili á hljóðfæri saman er afar falleg. Þetta gerir það að verkum að barn sem er undir í sínum skóla finnur ekki fyrir einelti í skólahljómsveit því þar eru allir að vinna að sameiginlegu markmiði, að skapa tónlist.

SKÓLADAGATAL 2020-2021

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla: Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1. S	1. M. Afkallurinn fyrsta	1. F	1. M	1. M. Fyrsta dagurinn	1. L. Nýársdagur	1. Þ	1. Þ	1. F. Tónkur 1 í Ákva	1. S. Verkalda dagurinn	1. M
2. M. Fyrsta dagurinn	2. F	2. L	2. Þ	2. F	2. S	2. M	2. M. Óskulagurinn 4	2. L. Verkalda dagurinn	2. M. Hvernika samgöng	2. F
3. Þ	3. F	3. S	3. M	3. F. Tónkur 6 í Ákva	3. M	3. F	3. F	3. S. Verkalda dagurinn	3. Þ	3. F
4. M	4. L	4. M	4. F	4. L	4. Þ. Fyrsti hvernika dagurinn eftir jólin	4. F. Kennarafundur kl. 08:00-10:00	4. F. Tónkur 10 í Breiðholti	4. M. ÞROFAVISA	4. M. Hvernika samgöng	4. L
5. F	5. S	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. L	5. L	5. Þ. ÞROFAVISA	5. F. Hvernika samgöng	5. S. Hvernika dagurinn
6. F	6. M. Afkallur og tónkurinn hjóla	6. M	6. L	6. M	6. F. Þrúadagurinn	6. S	6. S	6. M. ÞROFAVISA	6. F. Hvernika samgöng	6. M. Ákva í Hvernika
7. L	7. Þ	7. F	7. S	7. Þ. Tónkur 7 í Ákva	7. F	7. M. Fyrsta dagurinn	7. M	7. F. ÞROFAVISA	7. L	7. Þ
8. S	8. M	8. F	8. M	8. M	8. L	8. Þ	8. Þ	8. F. ÞROFAVISA	8. S	8. M. Skólavottun
9. M	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. S	9. M	9. M	9. L	9. M. Hvernika samgöng	9. F
10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. F. Tónkur 8 í Breiðholti	10. M	10. F	10. F	10. S. ÞROFAVISA	10. Þ	10. F
11. M	11. L	11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. F	11. F	11. M	11. M. Hvernika samgöng	11. L
12. F	12. S	12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. L	12. L. Ákvaþingurinn	12. Þ	12. F. Hvernika samgöng	12. S. Skólavottun
13. F	13. M	13. M	13. L	13. M	13. F	13. S	13. S	13. M	13. F. Hvernika samgöng	13. M
14. L	14. Þ	14. F	14. S	14. Þ	14. F	14. M	14. M	14. F. Skólavottun	14. L	14. Þ
15. S	15. M	15. F. Tónkur 1 í Ákva	15. M	15. M	15. L	15. Þ	15. Þ	15. F. ÞROFAVISA	15. S	15. M
16. M	16. F	16. L	16. Þ	16. F	16. S	16. M	16. M	16. L	16. M. Hvernika samgöng	16. F
17. Þ	17. F	17. S	17. M	17. F	17. M	17. F	17. F. Verkalda dagurinn	17. F	17. S. Hvernika samgöng	17. F. L. Hvernika dagurinn
18. M	18. L	18. M	18. F	18. L	18. Þ	18. F	18. F. Verkalda dagurinn	18. F	18. M. Ákva í Hvernika	18. L
19. F	19. S	19. Þ. Tónkur 2 í Breiðholti	19. F. Tónkur 3 í Breiðholti	19. S	19. M	19. L	19. L. Ákvaþingurinn	19. Þ	19. F. Hvernika samgöng	19. S
20. F. Skólavottun 1. samgöng	20. M	20. M	20. L	20. M. Hvernika dagurinn fyrir jólin	20. F	20. S. Hvernika dagurinn	20. S	20. M. Ákvaþingurinn	20. M	20. F
21. L	21. Þ	21. F	21. S	21. Þ	21. F. Skólavottun	21. M	21. M	21. F. Hvernika dagurinn fyrir jólin	21. L	21. Þ
22. S	22. M	22. F. Hvernika	22. M	22. F	22. L	22. Þ	22. Þ	22. F	22. S	22. M
23. M	23. F. Skólavottun 2. samgöng	23. F. Kennarafundur kl. 08:00-10:00	23. L. Fyrsti verkalda dagurinn	23. Þ. Tónkur 4 í Ákva	23. F. Hvernika dagurinn	23. S	23. M	23. M	23. M. Hvernika samgöng	23. F
24. Þ	24. F. Skólavottun	24. S	24. M	24. F. Ákvaþingurinn	24. M	24. F	24. F	24. S	24. F. Hvernika samgöng	24. Þ
25. M	25. L	25. M	25. F	25. L. Ákvaþingurinn	25. Þ	25. F. Ákvaþingurinn	25. F. Kennarafundur Tónkur 11 í Ákva	25. M. Skólavottun	25. M. Hvernika samgöng	25. L
26. F	26. S	26. Þ	26. F	26. S. Ákva í Hvernika	26. M	26. L. Ákvaþingurinn	26. L. Verkalda dagurinn	26. Þ. Skólavottun	26. F. Hvernika samgöng	26. S
27. F	27. M	27. F. Fyrsta dagurinn	27. M	27. F. Hvernika dagurinn	27. M	27. S	27. S	27. M. Skólavottun	27. F. Hvernika samgöng	27. M
28. L	28. Þ	28. F	28. S	28. Þ	28. F	28. M	28. M	28. F. Skólavottun	28. L	28. Þ
29. S	29. M	29. F. Fyrsta dagurinn	29. M	29. M	29. L	29. Þ	29. F. Tónkur 12 í Breiðholti	29. F. Skólavottun	29. S	29. M
30. M. Uppfyllingurinn nýr	30. F	30. L	30. Þ	30. F. Tónkur 5 í Breiðholti	30. F	30. S	30. M	30. L	30. M. Skólavottun	30. F
31. Þ		31. S		31. F. Skólavottun	31. M		31. F	31. Þ	31. S. Skólavottun	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við KÍ/FlHskulu skóladagar nemenda vera 175 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir breyttir dagar eru 4 en þar eru kennarar með nemendum í öðru en hefðbundinni kennslu. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.